



## Stefna Bókasafns Seyðisfjarðar.

Bókasafn Seyðisfjarðar er almennings- og skólabókasafn en skilgreinir sig jafnframt sem framsækna upplýsingamiðstöð. Miðstöðin er þjónustustofnun í þágu allra íbúa Seyðisfjarðarkaupstaðar með aðsetur í húsnæði Seyðisfjarðarskóla. Starfsfólk bókasafnsins leggur mikið upp úr því að bókasafnið sé lifandi staður sem fólki líður vel á og að þar sé veitt góð þjónusta við íbúa til eflingar bóklæsis, menningarlæsis og rafræns læsis. Bókasafnið er í senn menningar- og fræðslustofnun. Stefnt er að því að aðgengi að bókum og rafrænum upplýsingum og að starfsemi öll sé til fyrirmyndar.

Bókasafnið/Upplýsingamiðstöðin vinnur í samræmi við gildandi lög um bókasöfn ásamt öðrum lögum og reglugerðum er um þau gilda

Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla frjálstan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlum. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Almenningsbókasöfn skulu hvert og eitt haga starfi sínu þannig að komið verði við sem öflugastri samvinnu bókasafna í landinu um þjónustu við notendur.

Hlutverk skólabókasafna er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Þau skulu búin bókum og nýsi/-miðlunargögnum auk annars safnskost sem tengist námsgreinum skóla. Í starfsemi skólabókasafna skal meðal annars leggja áherslu á að þjálfa nemendur og starfsfólk skóla í sjálfstæðri leit

upplýsinga. Á bókasafni fer fram margvísleg kennsla á skólatíma, meðal annars kennsla í upplýsingartækni og heimildavinnu frá haustinu 2018.

Hlutverk safnsins er að efla íbúa samfélagsins og hvetja þá til virkni ásamt því að efla félags- og menningarauð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Gott aðgengi að menningu og menntun eykur víðsýni og umburðalyndi og með virkri þátttöku í menningarstarfi þá eykst vitund um lýðræði, réttlæti og sögulegt samhengi á sama tíma og færni í samfélagslegri þátttöku eykst. Hlutverk safnsins er að bjóða upp á menntunar- og menningarstarfsemi til að svo megi vera.

Bókasafnið hefur það að leiðarljósi að bókakostur og þjónusta endurspegli fjölbreytni. Bækur á þeim tungumálum sem eru töluð í skólanum og samfélaginu ættu að vera til staðar og eins skal gæta þess að starfssemin höfði til mismunandi aldurshópa hvað bóklæsi, raf – og menningarlæsi snertir. Safnið hefur það að leiðarljósi að styrkja ímynd sína í samfélaginu og stefnir á að uppfæra hlutverk sitt í nútíma samfélagi. Að allir bæjarbúar hafi aðgang að upplýsingum í hlýlegu og góðu umhverfi með aðstoð starfsfólks.

Bókasafnsstefna þessi sem bæjarstjórn hefur samið og samþykkt tekur gildi við staðfestingu bæjarstjórnar. Endurskoða skal stefnu þessa eftir því sem þörf er á og eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Samþykkt af bæjarstjórn 14. maí 2018.